Menning

Umsjón: Páll Baldvin Baldvinsson pbb@dv.is



EDDAN hélt hóf á fimmtudag með getraunum, snittum og öli. Hinar ýmsu útgáfur Eddunnar lögðu fram stóra og ítarlega bálka um útgáfur haustsins sem óhjákvæmilega hvolfast yfir þjóðina eins og haustrigningar. Þegar hafa JPV og Bjartur birt sína lista og þá eru hinir stóru póstar taldir.

SMÆRRI útgáfur eru ekki eins fyrirferðarmiklar í péerrinu. Þó eru margar athyglisverðar útgáfur að verki í prentsmiðjunum þessi kvöld. Athyglisverð eru ný forlög blekbænda á borð við Jakob F. Ásgeirsson og Rúnar Helga sem

Flugur

báðir eru að koma sér upp útgáfum. Salka og Ari eru kvennamegin og er gott að vita að konur skuli festast í útgáfu.



Guðrún Eva skáldkona *Flutt frá Bjarti til Eddu og gefur út skáldsögu*

STÓRI katalókurinn, Bókatíðindin, er væntanlegur innan skamms. Þar eru þó ekki allir taldir. Ýmsir einna eða tveggja bóka útgefendur treysta sér ekki þangað inn, sem er miður. Raunar er kominn tími til að Félag bókaútgefenda sýni stórlæti og gefi jafnharðan út á vefsíðu allar útgefnar bækur og bæklinga. Það er nauðsynlegt að almenningur eigi kost á yfirliti af því tagi.

„VERÐA ÞETTA tíðindamikil bókajól?" er gjarnan spurt. Sjaldan er hægt að svara því nema með því að líta um öxl – mánuðum seinna. Bókmenntasveiflan í þjóðinni er enn vertíð og í hrotunni er erfitt að sjá skóginn fyrir trjánum. sagnaskáldskapur er ótrúlega sterkur þáttur í þjóðarvitund okkar – ábyrgðarmenn sögunnar eru þó ekki útgefendur – þeir eru veitur en skáldin sjálf eru þeir sjáendur sem við treystum og trúum að skili okkur sannari skýrslum um lífshætti okkar en hagtölurnar gefa.



Þóra Sigurðar og Marta María *Ráðast í skáldsöguskrif – saman.*

FIMM HUNDRUÐ titla hátíð sem gengur eins og brimskafl yfir þjóðlífið og fjarar svo út býður þeirri hættu heim að verk sem skipta máli hverfi í rótinu. Fjölmiðlum ber að sinna textaframleiðslu allt árið, umfjöllun um menningu á ekki að vera eins og jólaskrautið í búðargluggum, koma upp í október og fara niður milli jóla og nýárs. Ef þeir vilja standa undir kröfum um almennan metnað í menningarumfjöllun.



Vilborg Davíðsdóttir *Söguleg skáldsaga frá Grænlandi.*

Rússar í Kópavogi

Í dag hefst viðamikil og fjölbreytt rússneks menningarhátíð í Kópavogi: Gerðarsafn er lagt undir rússneska íkona og dýrgripi frá tíma Romanov-anna, í Salnum verður tónlistarveisla kvöld eftir kvöld og er uppselt á marga tónleika sem þar verða. Í bókasafninu verður lítil kvikmyndahátíð.



Putin *Mætir ekki til Gunnars í Kópavoginn.*

Það er bæjarstjórnin sem stendur fyrir hátíðinni en rússneksir menningardagar voru tíðir hér á síðustu öld og starfandi sérstakt menningarfélag, MÍR. Það vekur nokkra furðu að það skuli ekki koma að neinu leyti að hátíðarhaldinu að þessu sinni.

Margt fleira verður í boði: messuhald að hætti rétttrúnaðarkirkjunnar, diskókvöld með rússnesku poppi og fjölskylduhátíð í Smáralind.



Ilmur Kristjánsdóttir *í titilhlutverkinu.*

Salka Valka verður frumsýnd í kvöld á Stóra sviði Borgarleikhússins og er það í annað sinn sem Leikfélag Reykjavíkur ræðst í sviðsetningu á sögu **Halldórs Laxness**.

Fátækt undir morgun

Salka gekk inn í þjóðlífið skömmu eftir hina örlagaríku för skáldsins til vesturheims sem er meginefni sýningar Þjóðleikhússins Halldór í Hollywood sem var frumsýnd í gærkvöldi. Salka varð til sem hugmynd vestur í Kaliforníu. Það er furðuleg hending að þessir partar í lífi skáldsins skuli koma á svið nánast samtímis.

Salka hefur ratað á svið í leik og dansi og komist á hvíta tjaldið þangað sem henni var ætlað að fara fyrst í stað.

Listræn forysta

Hrafnhildur Guðmundsdóttir Hagalín var fengin til að vinna þessa leikgerð af sögunni en þær Edda Heiðrún Backman, sem er leikstjóri sýningarinnar, eru nánar vinkonur. Jón Axel, eiginmaður Eddu, gerir leikmynd við verkið, en alls koma fram í sýningunni þrettán leikarar. Hreyfingastjórn annast Lára Stefánsdóttir, Kári Gíslason lýsir en Stefanía Adolfsdóttir hannar búninga. Tónlist er í höndum Óskars og Ómars Guðjónssona.

Þjóðfélagslegar sögur

Sagan af Sölku var lengi vel afar vinsæl og lagðist í far með öðrum öreigasögum sem urðu til víða í Evrópu og síðar Ameríku á þriðja og fjórða áratugnum. Bakgrunnur þeirra var upplausn sveitasamfélagsins og þéttbýlismyndun sem studdist fyrst við selstöðukaupmennsku og síðan varanlega viðveru smákóngaveldis kaupmanna og smáútgerðarmanna sem héldu smáþorpum í greipum sínum.

Ferðir Halldórs árin frá heimkomunni til þess að hann tók að semja sín stóru verk á fjórða áratugnum voru meðal annars notuð til langferða um landið þar sem hann saug í sig kjör fólks og sérkenni í þorpum og sveitum og notaði sem þræði í hina stóru sagnavefi um Sölku, Bjart og Ólaf ljósvíking.

Leikhópurinn

Salka Valka er leikin af Ilmi Kristjánsdóttur, Sigurlína er í höndum Halldóru Geirharðsdóttur, Ellert A. Ingimundarson er svolinn Steinþór og glæsimennið Arnald leikur Sveinn Geirsson. Með önnur hlutverk fara Bergur Þór Ingólfsson, Birna Hafstein, Guðmundur Ólafsson, Halla Vilhjálmsdóttir, Kristján Franklín Magnús, Þórhallur Sigurðsson (Laddi), Margrét Helga Jóhannsdóttir, Marta Nordal og Theodór Júlíusson.

Essens Kjarvals


Í dag eru liðin 120 ár frá fæðingu Jóhannesar Sveinssonar sem fæddist að Efri-Ey í Meðallandi. Af því tilefni er efnt til sýningar á verkum hans í Listasafni Reykjavíkur í Grófinni.

Hún hverfist um tvo meginpóla í starfi hans eða essensa sem eru uppistaðan í lífsverki hans. Annars vegar landið eins og það kom honum fyrir sjónir í allri sinni fjölbreytni og hins vegar lífið í landinu, sem í verkum hans tók á sig ólíkar birtingarmyndir hins raunverulega og hins skynjaða, þess sem hugurinn nemur, ekki síður en þess sem augað sér.

Titill sýningarinnar er sóttur í Árdegisblað listamanna sem hann gaf út. Þar talaði hann um Essensism, þann kjarna lífsins og tilverunnar, sem væri að finna í listinni, og allir ættu að leita eftir.

Mikið safn verka úr einkaeigu hefur verið dregið saman vegna sýningarinnar sem þau Kristín Guðnadóttir og Eiríkur Þorláksson stýra. Styður VÍS sýninguna sérstaklega vegna þeirra háu trygginga sem greiða þarf vegna lánsverkanna. Samfara sýningunni kemur út bók um Kjarval á vegum Nesútgáfunnar sem hefur verið lengi í smíðum.

Í vikunni var dómtekið mál erfingja Kjarvals á hendur Reykjavíkurborg þar sem kröfur eru gerðar á borgina að hún skili því stóra safni verka sem komst í hennar hendur við ævilok málarans.



Jóhannes Sveinsson Kjarval